

Ed.

313. Nefndarálit

[229. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 9 30. mars 1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu ættu fjárhæðir í lögum nr. 9/1984 að breytast í samræmi við skattvísitölu. Þar sem skattvísitala verður ekki ákveðin fyrir árið 1987 er nauðsynlegt af tæknilegum ástæðum að breyta þeim fjárhæðum með sérstökum lögum. Breyting þessi er hliðstæð því sem tillögur hafa verið gerðar um af sama tilefni á ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt, tekjustofna sveitarfélaga og málefni aldraðra.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að hámarksfjárhæð þess frádráttar frá tekjum, sem heimiluð er vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, hækki í samræmi við tekjubreytinguna á milli áranna 1985 og 1986. Er frumvarpið var lagt fram var talið að hækkun þessi næmi 31%. Nýjar upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun um þetta atriði benda hins vegar til þess að tekjubreytingin á milli þessara ára næmi um 35%. Með hliðsjón af þessum upplýsingum leggja nefndarmenn í meiri hl. til að þessar fjárhæðir hækki um 35%. Flytja þeir um það breytingartillögu á sérstöku þingskjali.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Ragnar Arnalds eru ekki mótfallin frumvarpi þessu né breytingartillögunni þar sem hún er fyrst og fremst tilkomin af tæknilegum ástæðum. Hins vegar eru þau efnislega á móti frádráttarheimild af þessu tagi og taka af þeim sökum ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. des. 1986.

Ey. Kon. Jónsson,
form., frsm.

Valdimar Indriðason.

Jón Kristjánsson.

Ragnar Arnalds.

Egill Jónsson.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.